



# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arctic Sea Farm hf.  
Starfsstöð: Snæfjallaströnd, Ísafjarðardjúpi  
Kennitala: 700807-0450  
Aðsetur: Aðalstræti 20  
400 Ísafjörður  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1127  
Leyfið gildir til: 4.9.2036

Starfsemi:

AE 3 - Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*

Í gildi frá:

4.9.2020

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Hámarkslífmassi 5.300 t.  
Matfiskeldi. Regnbogasilungur: Danmörk.

Svæði

Sandeyri

Punktar

1. 66° 08.620'N 22° 52.800'W, 2. 66° 09.180'N 22° 51.970'W,  
3. 66° 08.360'N 22° 48.540'W, 4. 66° 07.810'N 22° 49.350'W,

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nært til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefni af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.



Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis